



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts 10. mars 2020 kl. 18:00

Mætt:

Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Sigurjón Andersen (SA), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ragnar Róbertsson (RR), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS)

Fjarverandi:

Halldór Jóhannsson (HJ), Arnar Már Pálmarsson (AMP)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Úttektir öryggisbúra

Á kynningarfundum sem haldnir voru um öryggisbúr síðla á síðasta ári og upphafi þessa árs kom fram að skoða þyrfti og mynda öll öryggisbúr áður en keppnistímabilið hæfist. Gerð var sérstök aðgerðaáætlun [Öryggisbúr - aðgerðaráætlun](#) þar sem kemur fram hvernig framkvæmd þessarar skoðunar verði háttáð.

Stefnt er að því að skoða keppnisgreinareglur með tilliti til þess að þar sé kveðið skýrar á um öryggisbúr og gerðarvottun þeirra.

2. Fréttir af reglugerð fyrir akstursípróttir

Vegna Covid-19 veirunnar er lítið um fundi með ráðuneytum sem þarf. Textagerð okkar mjakast áfram.

3. Námskeið fyrir keppnisstjóra og dómnefndir

Námskeið þessi eru fyrir keppnisstjóra og dómnefndir. Námskeið verður 21. mars í Reykjavík og 22. mars 2020 á Akureyri. Stefnt að öðru námskeiði seinni part apríl.

Krafa verður gerð um að formaður dómnefndar og keppnisstjóri hafi sótt þetta námskeið og að þeir endurnýi þessi réttindi annað hvert ár. Undanþágur frá því þarf að samþykkja í stjórn AKÍS. Samþykkt að veita Start ferðastyrk fyrir tvo til að koma á námskeiðið.

4. FIA Sport Conference 2020

Verður haldin í Bangkok, Tælandi dagana 16.-18. júní 2020. Styrki FIA ferð fulltrúa frá Íslandi verður athugað hvort fara eigi.

5. Önnur mál

Fjárhagsáætlun: JBJ kynnti fjárhagsáætlun 2020.

Árสปing 2020: Ekki er vitað hvort Covid-19 muni hafa áhrif á dagsetningu árสปings.

6. Næsti fundur

Google Hangouts 17. mars 2020 kl. 18:00.

7. Fundi slitið 20:40